

Sveitarfélagið Skagafjörður
Sæunn Kolbrún Þórólfsdóttir
Skagfirðingabraut 21
550 SAUÐÁRKRÓKUR

Garðabær, 21. mars 2024
Málsnúmer: 202402-0086
LA

Efni: Umsögn um nýtt deiliskipulag fyrir Staðarbjargavík, Hofsósi

Við er í tölvubréf frá Skipulagsgáttinni, dags. 28. febrúar 2024, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um skipulagslýsingu fyrir nýtt deiliskipulag um aukna og bætta aðstöðu á ferðamannastað við Staðarbjargavík við Hofsós.

Staðarbjargavík, ásamt strandlengjunni frá Grafará að Hofsá, eru hverfisvernduð. Til stendur að bæta aðgengi ferðamanna að stuðlabergsklettum í Staðarbjargavík með því að leggja göngustíga, setja upp útsýnisstaði og tröppur þar sem landhalli er mikill. Skipulagssvæðið er um 13.000 m² að stærð.

Náttúrufræðistofnun telur að fyrirhugaðar framkvæmdir muni ekki hafa áhrif á náttúruminjar, en kemur til með að hafa jákvæð áhrif á upplifun og umgengi ferðamanna um svæðið.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki athugasemdir við skipulagslýsingu fyrir Staðarbjargavík.

Virðingarfyllt,

Lovísa Ásbjörnsdóttir

Lovísa Ásbjörnsdóttir
Jarðfræðingur, Náttúruverndarsvið

